

Febrúar 2008

Raufarhöfn

Skýrsla starfshóps um möguleg
tækifæri til atvinnusköpunar



Norðurþing

Efnisyfirlit

1. Samantekt	3
2. Inngangur - Kynning	5
3. Almenn umfjöllun um Raufarhöfn	6
4. Atvinnumál	8
5. SVÓT greining – Raufarhöfn	10
6. Hugmyndabankinn	15
7. Flokkun hugmynda.....	18
8. Tillögur og framtíðarsýn	20
9. Heimildaskrá	21

1. Samantekt

Um verkefnið

Upphaf þessarar skýrsluvinnu má rekja til ákvörðunar sem var tekin á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 27. nóvember árið 2007, þar sem sveitarstjórn Norðurþings fól byggðarráði að skipa starfshóp á Raufarhöfn sem hefði það hlutverk að draga fram möguleg tækifæri til atvinnusköpunar í byggðarlaginu. Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri fól Elísabetu Gunnarsdóttur aðstoðarmanni sínum að setja saman starfshópinn. Elísabet Gunnarsdóttir tók að sér verkstjórn hópsins og skýrslugerð, í samvinnu við Sif Jóhannesdóttur frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Hópurinn fundaði 5 sinnum á tímabilinu 22. janúar til 26. febrúar. Hver fundur var um tvær klukkustundir. Stefnt var að því að kynna afrakstur vinnunnar á íbúafundi í mars/apríl með þingmönnum kjördæmisins og ráðherra byggðamála.

Saga og menning

Saga Raufarhafnar og Melrakkasléttunnar er samofin sambýli manna við hafið. Mikill hlunnindabúskapur var á Sléttu. Raufarhöfn var einn mesti síldarsöltunarstaður landsins á sínum tíma og þar var blómleg útgerð allt þar til fór að halla undan fæti fyrir um tíu árum.

Náttúra og umhverfi

Raufarhöfn er nyrsta kaupún Íslands og liggur aðeins nokkra kílómetra frá heimskautsbaug. Hvergi á Íslandi er sumarnóttin bjartari eða vetrarnóttin lengri og myrkari. Á Melrakkasléttunni er vítt til veggja. Grýttir ásar, mýrlendi, móar og fjöldi smátjarna og stærri vatna, sem urðu til á ísöld, einkenna svæðið. Mörg vatnanna eru gjöful silungsveiðivötn. Tvær veiðiár, Deildará og Ormarsá, eru í næsta nágrenni við Raufarhöfn. Víða eru góðar aðstæður til fuglaskoðunar, ekki síst á vorin. Ýmsir áhugaverðir staðir eru í nágrenni Raufarhafnar og má þar nefna Rauðanúp, Blikalónsdal, og Hraunhafnartanga.

Íbúarþróun

Þegar mest var bjuggu um 500 manns á Raufarhöfn utan vertíða. Á síðustu 10 árum, það er frá 1997 til 2007 hefur íbúum fækkað úr 381 í 224 sem er 41% fólksfækkun

Samgöngur og fjarskipti

Raufarhöfn liggur við þjóðveg 85 um 50 km frá Kópaskeri, 150 km frá Húsavík. Vegurinn um Sléttuna frá Raufarhöfn til Kópakers er malarvegur, en frá Kópaskeri til Húsavíkur er bundið slitlag. Á dagskrá er lagning vegar með bundnu slitlagi yfir Hólaheiði og Hófaskarð með afleggjara niður á Raufarhöfn. Reiknað er með að verkinu ljúki 2009. GSM samband er á Raufarhöfn og í næsta nágrenni en ekkert samband er á stærstum hluta Sléttunnar frá Kópaskeri að Raufarhöfn. Þrjár aðilar bjóða upp á netþjónustu. Of algengt er að netsamband sé óstöðugt og liggja jafnvel niðri í lengri tíma.

Afþreying og þjónusta

Grunnþjónusta er með ágætum en lítið framboð er á skipulagðri afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

Þróun atvinnamála síðustu ára

Þegar síldin hrundi 1967 fóru erfiðir tímar í hönd á Raufarhöfn. Ekki leið þó á löngu þar til lifnaði aftur yfir atvinnulífinu. Stuttu síðar var frystihúsið Jökull stofnað og skömmu seinna (eða um 1973) hófst loðnubræðsla hjá Síldarverksmiðjunum. Jökull hélt lengi vel uppi öflugri fiskvinnslu og útgerð á Raufarhöfn.

Í maí 1999 urðu stjórnendur Raufarhafnarhrepps að selja hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækinu Jökli á Raufarhöfn. Kaupendur voru Útgerðarfélag Akureyringa og Burðarás. Útgerðarfélagið lagði niður rekstur Jökuls hf. í október árið 1999 og Jökull ehf. dótturfyrirtæki ÚA hf. var stofnað í nóvember. Við þetta varð mikill flutningur á aflaheimildum frá Raufarhöfn. Á sama tíma dróst starfsemi loðnubræðslunnar saman. Störfum hjá þessum fyrirtækjum hefur fækkað jafnt og þétt síðan. Samhliða þessu hefur dregið verulega úr almennri þjónustustarfsemi á Raufarhöfn.

Undanfarið (eða síðan 2003) hefur GPG - Fiskverkun verið að gera ágæta hluti á Raufarhöfn en nú ber svo við að fyrirtækið hefur þurft að draga úr starfseminni ekki síst vegna ákvörðunar stjórnvalda um að skerða verulega aflaheimildir á fiskveiðiaríni. Ekki hefur verið unnið mjöl í loðnubræðslunni síðan 2005 og árið 2007 lokaði Síldarvinnslan hf. (SR mjöl hf.) bræðslunni.

Störf á svæðinu

Um 84 stöðugildi eru á Raufarhöfn og þar af er Frystihúsið Jökull með um 25 störf og sveitarfélagið um 19 störf

Atvinnuskapandi verkefni á döfinni

Atvinnuþróunarfélagið hefur unnið að nokkrum verkefnum sem tengjast atvinnusköpun á svæðinu. Má þar nefna NORCE og GEBRIS.

Heimsskautsgerðið hefur fengið 20 milljóna kr. úthlutun á fjárlögum 2008. Forsvarsmenn Heimskautagerðisins eiga von á að geta skapað 3 manns atvinnu við steinskurð og aðra undirbúningsvinnu strax næsta vor. Hugmyndir um umfangsmeiri steinskurð eru á teikniborðinu, en viðræður standa yfir milli Álfasteins, Síldarvinnslunnar og Atvinnuþróunarfélagsins.

Unnið er að hugmynd um nýtingu húsnæðis Síldarvinnslunnar undir þorskeldi á Raufarhöfn. Eins má nefna ýmsar hugmyndir á frumstigi sem tengjast ferðamannaíðnaði. Má þar nefna siglingu norður fyrir heimskautsbaug, sjóstangveiði og frístundabyggð.

SVÓT greining

Styrkleikar: Helstu styrkleikar Raufarhafnar felast í reynslu og þekkingu í sjávarútvegi ásamt góðri aðstöðu til útgerðar og fiskvinnslu. Einnig má nefna nálægð við einstaka náttúru og strandmenningu.

Veikleikar: Helstu veikleikar Raufarhafnar er fólksfæð og fábreytt atvinnulíf þar sem fiskvinnsla vegur þungt. Eins mætti nefna neikvæða ímynd.

Ógnanir: Þar er helst að nefna frekari fækkun starfa og áframhaldandi fólksfækkun ásamt óvissu í sjávarútvegi.

Tækifæri: Liggja ekki síst í ferðaþjónustu, það er áhuga ferðamanna á ósnortinni náttúru og norðlægum slóðum. Nefna má ýmsa menntun ásamt tækni framförum sem auðvelda fjarnám og fjarstörf, og síðast en ekki síst frumkvæði heimamanna.

Hugmyndabankinn

Ýmsar hugmyndir litu dagsins ljós í kjölfar SVÓT greiningarinnar. Flestar tengdust ferðaþjónustu með einhverjum hætti, en einnig komu fram ýmsar hugmyndir um nám, framleiðslu o.fl. Síðan voru hugmyndirnar flokkaðar eftir því hversu atvinnuskapandi þær þóttu annars vegar og hversu erfiðar, þ.e. dýrar og/eða flóknar, þær yrðu í framkvæmd hins vegar.

Framtíðarsýn fyrir Raufarhöfn og Sléttu:

- Raufarhöfn verði búsældarlegt samfélag fyrir alla aldurshópa þar sem boðið er upp á góða grunnþjónustu
- Atvinnulíf á Raufarhöfn byggi á a.m.k. þremur stærri atvinnuskapandi fyrirtækjum og samhliða því verði önnur atvinnutækifæri jafnframt vel nýtt
- Raufarhöfn og Sléttan verði eftirsótt með tilliti til útivistar og náttúruskoðunar, þar sem gert er út á hreinleika og nálægðina við norður heimskautsbaug.
- Áframhaldandi útgerð og fiskvinnsla sem er órjúfanlegur hluti af sögu og menningu Raufarhafnar.

Framtíð Raufarhafnar er ekki síst í höndum íbúanna sjálfra, ekkert kemur í staðinn fyrir einkaframtakið, en bæði sveitarfélagið og ríkið geta ýtt undir og stutt við frumkvæði heimamanna með ýmsum hætti.

2. Inngangur - Kynning

Upphaf þessarar skýrsluvinnu má rekja til ákvörðunar sem var tekin á fundi sveitarstjórnar Norðurlþings þann 27. nóvember árið 2007, en þar var eftirfarandi bókað:

Sú ákvörðun ríkisvaldsins að skerða aflaheimildir í þorski um 30% hefur skapað alvarlegt ástand í atvinnumálum á Raufarhöfn. Í ljósi þessa leggur meirihluti sveitarstjórnar fram eftirfarandi tillögu:

„Sveitarstjórn Norðurlþings felur byggðarráði að skipa starfshóp á Raufarhöfn sem hefur það hlutverk að draga fram möguleg tækifæri til atvinnusköpunar í byggðarlaginu. Lagt er til að 7 til 10 einstaklingar skipi starfshópinn.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, ásamt aðstoðarmanni sveitarstjóra, verða starfshópnum til aðstoðar. Stefnt skal að því að niðurstöður liggi fyrir í lok febrúar og í framhaldinu verði boðað til borgarafundar á Raufarhöfn. Sveitarstjórn mun fara þess á leit við þingmenn kjördæmisins og ráðherra byggðamála að mæta á fundinn“.

Bergur Elías Ágústsson sveitarstjóri fól Elísabetu Gunnarsdóttur aðstoðarmanni sínum að setja saman starfshóp sem myndi fjalla um atvinnumál og atvinnutækifæri á Raufarhöfn. Elísabet Gunnarsdóttir tók að sér verkstjórn hópsins og skýrslugerð, í samvinnu við Sif Jóhannesdóttur frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Aðrir meðlimir hópsins voru eftirfarandi:

1. Óskar Óskarsson, oskar@raufarhofn.is
2. Jóhannes Árnason, joinesi@simnet.is
3. Einar Sigurðsson, ees@simnet.is
4. Agnieszka Szczodrowska, aga@emax.is
5. Birna Björnsdóttir, birna@nett.is
6. Erlingur Thoroddsen, ebt@vortex.is

Markmið starfshópsins: Draga fram möguleg tækifæri til atvinnusköpunar í byggðalaginu Raufarhöfn

Hópurinn fundaði 5 sinnum á tímabilinu 22. janúar til 26. febrúar. Hver fundur var um tvær klukkustundir. Stefnt var að því að kynna afrakstur vinnunnar á íbúafundi í mars/apríl með þingmönnum kjördæmisins og ráðherra byggðamála.

Skýrslan er þannig upp byggð

Fyrst er almenn umfjöllun um Raufarhöfn. Þar er meðal annars tæpt á sögu Raufarhafnar og nágrennis, fjallað um náttúru og umhverfi ásamt íbúapróun síðustu ára. Þar á eftir er fjallað um þróun atvinnu á Raufarhöfn undanfarin ár, núverandi atvinnuástand og hugmyndir í vinnslu. Að þessari umfjöllun lokinni fer fram greining á styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnunum. Því næst er hugmyndabankinn settur fram, en hann er byggður á hugarflugsfundi þar sem meðlimir hópsins vörpuðu fram öllu því sem þeim datt í hug varðandi atvinnusköpun á Raufarhöfn. Í kjölfarið á því eru hugmyndirnar flokkaðar eftir því hversu atvinnuskapandi þær kunna að vera og því hversu erfiðar þær eru í framkvæmd að mati starfshópsins. Að lokum er kafli þar sem hópurinn setur fram framtíðarsýn eða markmið fyrir Raufarhöfn og nágrenni. Þar kemur jafnframt fram hvernig hópurinn telur að íbúarnir, sveitarfélagið og ríkið geti stutt við þessi markmið.

3. Almenn umfjöllun um Raufarhöfn

Saga og menning - Raufarhöfn

Fiskveiðar og fiskvinnsla er órjúfanlegur hluti af sögu og menningu Raufarhafnar. Nálægð við miðin og frábær höfn frá náttúrunnar hendi gerðu Raufarhöfn að ákjósanlegum verslunar- og útgerðarstað. Raufarhöfn varð löggiltur verslunarstaður árið 1833 með konungstilskipun og hefur talist kaupstaður síðan 1836. Raufarhöfn varð sjálfstætt sveitarfélag árið 1945 en fram að því tilheyrði hún Presthólahreppi. Raufarhafnarhreppur sameinaðist Óxarfjarðarhreppi (Presthólahreppi), Kelduneshreppi og Húsavíkurbæ, sumarið 2006, undir nafninu Norðurþing.

Íbúum tók fyrst verulega að fjölga þegar Norðmenn hófu rekstur síldarbræðslu þar snemma á 20. öld. Síldarverksmiðjur Ríkisins tóku við rekstrinum árið 1934. Allt fram til ársins 1967 voru aukin umsvif í síldarsöltun og bræðslu. Þar var áður einn mesti síldarsöltunarstaður landsins og var þorpið þá ein helsta útflutningshöfn landsins. Eftir hrun síldveiðanna (1967) tók við erfiður tími, en með tilkomu frystihússins Jökuls hf. (1969) og loðnubræðslu hjá Síldarverksmiðjunum fór aftur að lifna yfir atvinnulífinu.

Á síðustu 10 árum hefur verið töluverður samdráttur í atvinnulífinu, sem eins og áður segir, hefur einkum byggst upp á fiskveiðum og fiskvinnslu. Þar er einkum erfiðleikum í landvinnslu, breytingum á eignarhaldi fyrirtækja, fækkun íbúa og fækkun þeirra sem vilja vinna við fiskverkun um að kenna (Land og fólk, 2003).

Saga og menning – Sléttan

Saga og menning byggðar á Melrakkasléttu er einnig samofin sambýli manna við hafið. Hér áður fyrr var mannmargt á jörðum á Sléttu. Flestir bæjir voru með sjó fram. Menn bjuggu einkum með sauðfé og nýttu hlunnindi jarðanna sem voru og eru mikil. Það var stutt á miðin, æðarvarp á flestum jörðunum ásamt trjáreka og silungsveiði. Mikil búbjörg var í útsel sem gaf kjöt, skinn og lýsi.

Á jörðum þessum var land yfirleitt erfitt til ræktunar. Aftur á móti voru jarðir þessar góðar fjárjarðir því heiðarlöndin eru víð og vel gróin og fjörubeit góð. Héraðið er þekkt fyrir sauðfjárrækt (Land og fólk, 2003). Sauðfjárrækt er enn stunduð á Sléttu í dag, en aðeins á fjórum jörðum. Óvíða er fé vænna en af Sléttu. Búið er á fleiri bæjum en á fæstum þeirra er heilsársbúseta.

Menn og sagnir

Rithöfundurinn Guðmundur Magnússon, betur þekktur sem Jón Trausti, bjó lengi á Sléttu. Eins má nefna að talið er að Halldór Laxnes hafi sótt innblástur í Sléttuna þegar hann samdi Guðsgjafapulu. Sem dæmi um virka höfunda sem eiga rætur að rekja til Raufarhafnar eða Sléttu má nefna Jónas Friðrik textaskáld og rithöfundana Vigdís Grímsdóttur og Andra Snæ Magnason. Jónas býr á Raufarhöfn en hin tvö í Reykjavík.

Sögufrægt atvik átti sér stað við Hraunhafnartanga, að því að talið er. Það er víg Þorgeirs Hávarssonar svo sem segir í Fóstbræðrasögu. Önnur skemmtileg saga af Sléttunni er sagan af Meyjarþúfunni (sjá sérstæðir staðir... bls. 7). Margur fróðleikur er geymdur í minni eldri manna, sem ekki hefur verið skráður.

Náttúra Raufarhafnar og nágrennis

Raufarhöfn er nyrsta kauptún Íslands og liggur aðeins nokkra kílómetra frá heimsskautsbaug. Hvergi á Íslandi er sumarnóttin bjartari eða vetrarnóttin lengri og myrkari.

Á Melrakkasléttunni er vítt til veggja. Landsvæðið í kringum Raufarhöfn er að mestu í 20 til 40 m hæðarlínu frá sjó. Grýttir ásar, mýrlendi, móar og fjöldi smátjarna og stærri vatna sem urðu til á ísöld. Mörg vatnanna eru gjöful silungsveiðivötn. Tvær veiðiár, Deildará og Ormarsá, eru í næsta nágrenni við Raufarhöfn.

Gróðurfar Melrakkasléttu líkist því sem þekkt á tundraunum í öðrum norðlægum löndum. Um 240 tegundir plantna vaxa á Sléttunni. Algengustu plönturnar eru lyngplöntur og einnig mikið af lágvöxnum

runnum s.s. fjalldrapa og víði. Í mýrunum vaxa margar tegundir af stöð, engjarósum, fífum og horblöðkum.

Algengustu vindáttirnar eru hafáttir; norðaustan, austan og suðaustan. Þeim fylgja gjarnan hafgola, þoka og súld. Á móti kemur að ferðalagið yfir sjóinn tekur mesta hrollinn úr norðaustan áttinni á veturna. Á sumrin þegar kvölda tekur er gjarnan stafalogn og blíða sem endist næturlangt. Ströndin er afar hrífandi. Þar má finna margar tegundir af þangi og plöntum. T.d. skarvakál sem var borðað á öldum áður til að komast hjá skyrbjúg (Land og fólk, 2003 & Líney Helgadóttir).

Víða eru góðar aðstæður til fuglaskoðunar, ekki síst á vorin. Náttúran laðar að sér fugla og hafa fundist 45 tegundir varpfugla í næsta nágrenni Raufarhafnar, og á milli 25 og 30 flækingar og fastagestir hafa verið greindir. Við Höskuldarnes rétt norðan við Raufarhöfn eru einstakar aðstæður til fuglaskoðunar og óvída hægt að sjá fleiri fuglategundir á einum stað. Minkurinn kann líka mjög vel við sig í þessu umhverfi og gjarnan sést til lágfótu (Land og fólk, 2003 & Jón Magnússon).

Sérstæðir staðir í nágrenni Raufarhafnar

<i>Hvalvík</i>	Falleg vík skammt frá Leirhöfn
<i>Grjótnes og Geirsvík</i>	Merkilegt með tilliti til sögu og fuglaskoðunar
<i>Rauði Núpur</i>	Gjallgýgur við Núpskötlu. Einstaklega fallegur í kvöldsólinni. Þar er mikið fuglalíf, m.a. súlubyggð
<i>Jón Trausti</i>	Bergripi við Núpskötlu, kenndur við skáldið Jón Trausta.
<i>Blikalónsdalur</i>	Gróið jarðfall sem skilur að Vestur- og Austur- Sléttu. Þar rennur mikið vatnsfall neðanjarðar
<i>Skinnaalón</i>	Fyrrum stórbýli, nú í eyði. Þekkt fyrir mikla selveiði
<i>Ríf</i>	Nyrsti tangi landssins, örstutt frá Norðurheimsskautsbaug
<i>Hraunhafnartangi</i>	Lengi talinn nyrsti tangi landsins. Þar er dys Þorgeirs Hávarssonar
<i>Meyjarþúfa</i>	Skammt vestan við Harðbak. Sagan segir að eftir stóru bólu hafi allir íbúar Sléttu látist nema maður og kona sem hittust við meyjarpúfu og lögðu grunninn að íbúum Sléttunnar
<i>Oddsstaðir</i>	Landnámsjörð
<i>Höskuldarnes</i>	Merkilegt með tilliti til fugla- og selaskoðunar
<i>Raufarhafnarkirkja</i>	Byggð 1927 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, húsameistara
<i>Heimsskautsgerði</i>	Verkefni í vinnslu
<i>Fjallgarður</i>	Sunnan Raufarhafnar stendur Fjallgarður. Þaðan er sérlega fagurt útsýni yfir Raufarhöfn og Sléttuna. Þá sérstaklega á vorin og fyrri part sumars þegar sólin tyllir sér í hafið án þess að hverfa undir sjóndeildarhringinn.
<i>Rakkanes og Súgur</i>	Falleg nes suðaustan af Raufarhöfn

Íbúarþróun

Þegar mest var bjuggu um 500 manns á Raufarhöfn utan vertíða. Á síðustu 10 árum, það er frá 1997 til 2007 hefur íbúum fækkað úr 381 í 224 sem er 41% fólksfækkun. Einkum hefur einstaklingum á aldrinum 16 til 35 ára fækkað. Ungum börnum hefur einnig fækkað (Hagstofa Íslands). Mætti rekja þetta bæði til færri barneigna nú á dögum en áður fyrr og þess að fólki á barneignaraldri (16 til 35) hefur fækkað mjög. Samhliða þessu hefur ákveðinn atgerfisflótti átt sér stað.

Samgöngur og fjarskipti

Raufarhöfn liggur við þjóðveg 85 um 50 km frá Kópaskeri, 150 km frá Húsavík og 250 km frá Akureyri. Vegurinn um Sléttuna frá Raufarhöfn til Kópakers er malarvegur, en frá Kópaskeri er bundið slitlag. Á milli Raufarhafnar og Þórshafnar eru 60 km og til Vopnafjarðar um 130 km. Flugvöllur er við Raufarhöfn þó þangað hafi ekki verið áætlunarflug í mörg ár. Áætlunarflug er til Þórshafnar, en þangað er flogið frá Akureyri og Reykjavík alla virka daga.

Yfir sumartímanna er hægt að fara yfir Öxarfjarðarheiðina milli Akureyrar/Húsavíkur og Þórshafnar/Vopnafjarðar og hefur það að öllum líkindum haft einhver áhrif á umferð í gegnum Raufarhöfn. Á dagskrá er lagning vegar með bundnu slitlagi yfir Hólheiði og Hófaskarð með afleggjara niður á Raufarhöfn. Reiknað er með að verkinu ljúki 2009. Þetta verður mikil samgöngubót fyrir byggðalagið en sumir óttast þó ferðamenn á þessari leið muni setja það fyrir sig að taka "krók" til Raufarhafnar.

GSM samband er á Raufarhöfn og næsta nágrenni en ekkert samband er á stærstum hluta Sléttunnar frá Kópaskeri að Raufarhöfn. Ekkert samband er heldur á leiðinni milli Raufarhafnar og Þórshafnar nema næst þorpunum. Þess má einnig geta að TETRA samband á Raufarhöfn (sameiginlegt neyðar- og viðbragðskerfi) er ekki fullnægjandi.

Þrjár aðilar bjóða upp á netþjónustu. Magnavík, EMAX (eða Hive internet) og Síminn. Magnavík býður upp á VDSL, EMAX örbylgju og Síminn er með ISDN og venjulega símalínu. Of algengt er að netsamband sé óstöðugt og liggi jafnvel niðri í lengri tíma.

Afþreying og þjónusta

Grunnþjónusta svo sem heilsugæsla, skólaþjónusta, verslun, bensínsala, verkstæði, banki og pósthjónusta eru til staðar. Auk þessa má nefna Hótel Norðurljós sem selur gistingu og veitingar, barinn Félagann, sundlaug og íþróttahús sem sveitarfélagið rekur. Á sumrin er starfrækt gjaldfrítt tjaldstæði. Einhverjar merktar gönguleiðir eru í nágrenni Raufarhafnar, en lítið framboð er á skipulagðri afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu.

4. Atvinnumál

Þróun síðustu ára

Þegar síldin hrundi 1967 fóru erfiðir tímar í hönd á Raufarhöfn. Ekki leið þó á löngu þar til lifnaði aftur yfir atvinnulífina. Stuttu síðar var frystihúsið Jökull stofnað og skömmu seinna (eða um 1973) hófst loðnubræðsla hjá Síldarverksmiðjunum. Jökull hélt lengi vel uppi öflugri fiskvinnslu og útgerð á Raufarhöfn.

Í maí 1999 urðu stjórnendur Raufarhafnarhrepps að selja hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækinu Jökli á Raufarhöfn, en það var eitt mikilvægasta atvinnufyrirtæki í sveitarfélaginu. Kaupendur voru Útgerðarfélag Akureyringa og Burðarás. Söluverðið var um 580 milljónir. Um helmingur þess fór í að greiða upp skuldir. Hluti söluverðsins var notaður í talsverðar framkvæmdir í bæjarfélaginu og hluti í atvinnuuppbyggingu sem átti eftir að kosta sveitarsjóð 30 milljónir. Ákvörðun var tekin um að fara út í nokkuð umfangsmikil hlutabréfakaup sem áttu eftir að verða sveitarfélaginu dýrkeypt.

Útgerðarfélagið lagði niður rekstur Jökuls hf. í október árið 1999 og Jökull ehf. dótturfyrirtæki ÚA hf. var stofnað í nóvember. Við þetta varð mikill flutningur á aflaheimildum frá Raufarhöfn. Á sama tíma dróst starfsemi loðnubræðslunnar saman. Störfum hjá þessum fyrirtækjum hefur fækkað jafnt og þétt síðan. Það er ljóst að eftir að Jökull hætti blómlegri útgerð og fiskvinnslu hefur einnig dregið verulega úr almennri þjónustustarfsemi á Raufarhöfn.

Undanfarið (eða síðan 2003) hefur GPG - Fiskverkun verið að gera ágæta hluti á Raufarhöfn en nú ber svo við að fyrirtækið hefur þurft að draga úr starfseminni ekki síst vegna ákvörðunar stjórnvalda um að skerða verulega aflaheimildir á fiskveiðiarinu. Ekki hefur verið unnið mjöl í loðnubræðslunni síðan 2005 og árið 2007 lokaði Síldarvinnslan hf. (SR mjöl hf.) bræðslunni (Aðalsteinn. Á Baldursson, Egill Ólafsson & Land og fólk, 2003).

Störf á svæðinu

<i>Atvinnurekandi</i>	<i>Stöðugildi</i>
Frystihúsið Jökull	25
Sveitarfélagið	18,5
Skólinn	9,5
Tónlistarskólinn	1
Íþróttahúsið	1,5
Leikskólinn	1,5
Áhaldahúsið	2
Höfnin	1
Skrifstofan	1
Annað	1
Heilsugæslan	3
Rarik	1
Sparisjóðurinn og Pósturinn	4,5
Dvalarheimilið Vík	1
Véla og trésmiðja SRS ehf.	5,5
Hólmsteinn Helgason ehf.	3
Útgerðarfélagið Röðull ehf.	2
Þorsteinn Gk ehf.	2,5
Útgerðarfélagið Stekkjavík	2
Ýmsar útgerðir	5,5
Verslunin Urð	2
Norðursími	2
Hótel Norðurljós	3
Verktakar	3
Samtals:	83,5

Atvinnuskapandi verkefni á döfnni

Lítill nýsköpun hefur átt sér stað í atvinnumálum á Raufarhöfn á undanförunum árum. Þó má þar nefna að reynd hefur verið sala á ferskum silungi og aðeins hafa menn þreifað fyrir sér með siglingar og sjóstangveiði á sumrin. Silungsveiðin átti ekki velgengni að fagna en ennþá er verið að kanna möguleika tengda siglingum og sjóstangveiði.

Atvinnuþróunarfélag Þingeying hefur unnið að nokkrum verkefnum sem tengjast atvinnusköpun á svæðinu. Strandmenningarverkefninu NORCE (Northern Coastal Experience) lauk nýlega. Í því verkefni fór fram upplýsingaöflun og áætlanagerð um það hvernig væri hægt að markaðsetja starfssvæði Atvinnuþróunarfélagsins út frá strandmenningu. Þar var sjónum beint að fuglaskoðun, vitum, sérstöðu í matarmenningu o.fl. Í dag er Atvinnuþróunarfélagið þáttakandi í verkefninu GEBRIS (Getting the Best of Regional Innovation System). Þar er horft til uppbyggingu ferðapjónustu austan Jökulsár á Fjöllum að Bakkafirði.

Heimsskautsgerðið hefur fengið 20 milljóna kr. úthlutun úr fjárlögum 2008. Forsvarsmenn Heimsskautagerðisins eiga von á að geta skapað 3 manns atvinnu við steinskurð og aðra undirbúningsvinnu strax næsta vor. Hugmyndir um umfangsmeiri steinskurð eru á teikniborðinu, en viðræður standa yfir milli Álfasteins, Síldarvinnslunnar og Atvinnuþróunarfélagsins.

Unnið er að hugmynd um nýtingu húsnæðis Síldarvinnslunnar undir þorskeldi á Raufarhöfn. Eins eru ýmsar hugmyndir sem tengjast ferðamannaíðnaði á frumsstigi. Má þar nefna siglingu norður fyrir heimsskautsbaug, sjóstangveiði, og frístundabyggð.

Einnig má geta þess að sveitarfélagið Norðurþing á í viðræðum við Alcoa vegna hugsanlegrar uppbyggingar álvers við Bakka á Húsavík.

5. SVÓT greining – Raufarhöfn

Um SVÓT

Skammstöfunin SVÓT stendur fyrir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri. SVÓT greining er því greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum þess sem rannsakað er. Í þessu tilviki Raufarhöfn. Greiningin byggir á forrannsókn sem getur verið sjálfstæð rannsókn eða söfnun fyrirbyggjandi gagna. Í sjálfri SVÓT greiningunni eru niðurstöðurnar síðan flokkaðar á kerfisbundinn hátt og settar fram í formi umsagna. SVÓT greining er því strangt til tekið ekki rannsóknaraðferð heldur flokkunarkerfi á niðurstöðum úr forrannsókn.

Styrkleikar og veikleikar eru yfirleitt innri eiginleikar eða eitthvað sem viðkomandi hefur til ráðstöfunar. Byggja má á styrkleikum og bæta úr veikleikunum eða draga úr áhrifum þeirra með áherslubreytingum. Ógnanir og tækifæri eru oftast tengd ytra umhverfi eða aðstæðum, einhverju sem ekki er þegar til staðar, en krefst aðgerða til að nálgast eða forðast. Gera verður varúðarráðstafanir gegn hugsanlegum ógnunum og á sama tíma er hægt að gera ráðstafanir til að grípa tækifærin. Þau geta orðið grundvöllur framsækinnna framtíðaráætlana.

Aðalkostir aðferðarinnar eru hversu niðurstöðurnar eru aðgengilegar og auðvelt að uppfæra þær. Helsti gallinn er að ekki er innbyggt í aðferðina hlutfallslegt vægi eða mikilvægi niðurstaðna (Byggðalög í vörn og sókn, 2004). Niðurstöðurnar segja heldur ekki til um hvernig sé best að bregðast við þeim. Til að veita upp á móti þessu verður í lok hversrar upptalningar umfjöllun um hvernig megi vinna með það sem þar fram kemur.

SVÓT	Innri greining	Ytri greining
Jákvætt (+)	Styrkleikar - viðhalda, skapa tækifæri	Tækifæri - nýta
Neikvætt (-)	Veikleikar - Bæta	Ógnanir - uppræta eða bregðast við

Styrkleikar

- **Nálægð við fiskimiðin ásamt þekkingu og reynslu á veiðum og vinnslu ýmissa fiskistofna.**
- **Góð hafnaraðstaða og skipaaðstaða.** Gerir löndun og útskipun á fiski og frakt mögulega.
- **Góð landvinnsluaðstaða.** Gefur möguleika í landvinnslu.
- **Hótelið.** Frambærileg aðstaða fyrir ferðamenn er nú þegar til staðar.
- **Nálægð við ósnortna sérstæða náttúru.** Gefur tækifæri á sviði ferðapjónustu.
- **Fjölbreytt fuglalíf.** Gefur tækifæri á sviði ferðapjónustu.
- **Veiðiár og vötn í næsta nágrenni.** Veiðiárnar eru nú þegar nýttar en vötnin hafa ekki fengið verðskuldaða athygli.
- **Nálægð við ferðamannastaði,** s.s. Ásbyrgi, Húsavík og jafnvel Mývatn.
- **Nálægð við heimskautsbaug.** Styrkleiki í ljósi vaxandi áhuga ferðamanna á norðurslóðum.
- **Menning og saga,** ekki síst atvinnusaga, staðarins skapar honum sérstöðu. Þar má nefna bæði síldarárin og hlunnindabúskap á Sléttunni.
- **Handverk og listsköpun hefur styrkst á síðustu árum.** Getur verið atvinnuskapandi iðnaður.
- **Nægilegt framboð á húsnæði, lág húsaleiga og lágt húsnæðisverð.** Getur laðað að fólk.
- **Góð grunnþjónusta, félagsleg samkennd og gott umhverfi til að ala upp börn.** Getur laðað að fólk.
- **Gott beitiland.** Bíður upp á möguleika í landbúnaði.
- **Hugur og frumkvæði heimamanna.** Er hægt að virkja til atvinnusköpunar og nýsköpunar.

Góð aðstaða til fiskveiða og landvinnslu er fyrir hendi, en því miður hafa fiskveiðar og fiskvinnsla dregist saman á Raufarhöfn undanfarin ár. Þessi styrkleiki nýtist því ekki eins vel og hann gæti gert. Með aukinni útgerð mætti bæta úr því.

Einn helsti styrkleiki Raufarhafnar er sérstæð ósnortin náttúra, fiskivötn og fjölskrúðugt fuglalíf ásamt legu þorpsins sem er það nyrsta á Íslandi. Þessi styrkleiki hefur ekki enn verið nýttur til hins ítrasta. Vötnin í heiðinni eru sama og ekkert nýtt, og útivistar og göngugarpar virðast ekki hafa uppgötvað svæðið. Þessu þarf að gera hátt undir höfði í markaðssetningu Raufarhafnar og Sléttunnar.

Gera má ráð fyrir því að þeir sem heimssækja Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur séu náttúruunnendur. Ef hægt væri að höfða til þessa hóps með réttri markaðssetningu og hæfilegu framboði af afþreyingu og þjónustu væri hægt að gera úr þessu tækifæri í ferðapjónustu á Raufarhöfn.

Menning og saga svæðisins skapar því sérstöðu og þar eru líka vannýtt tækifæri. Menningartengd ferðapjónusta sem byggir á bræðslunni og hlunnindabúskap á Sléttunni gæti nýst við uppbyggingu ferðapjónustu.

Veikleikar

- **Fólksfæð.** Fólksfækkun hefur veikt fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og grundvöll til atvinnulífs og ýmissar þjónustu.
- **Óheppileg aldursdreifing.** Vantar framkvæmdaglatt ungt fólk á barneignaraldri sem veldur frekari fólksfækkun og dregur úr nýsköpun.
- **Ónóg atvinna að námi loknu.** Gerir brottfluttum sem vilja flytja heim eftir skólagöngu erfitt fyrir og laðar ekki að nýtt menntað vinnuafli.
- **Láglaunasvæði.** Lágar tekjur veikja samkeppnisstöðu byggðalagsins um vinnuafli
- **Ekki næg atvinna en um leið vantar starfsfólk til að sinna sumum þeim störfum sem eru í boði.**
- **Fábreytt atvinnulíf og mikið vægi fiskvinnslu.** Gerir samfélagið mjög berskjaldað fyrir sveiflum í fiskveiðum.
- **Dýrt og langt að sækja framhaldsskóla.** Ákveðinn aldurshópur yfirgefur samfélagið í lengri eða skemmri tíma.
- **Lítill heimamarkaður fyrir iðnað og þjónustu.** Þ.a.l. erfitt að ná hagræði í rekstri.
- **Fjarlægð frá markaði og stærri þéttbýliskjarna og lélegir vegir.** Þetta þýðir að aðflutningskostnaður er dýr og erfitt að koma vöru á markað sem letur einstaklinga og fyrirtæki til að stunda rekstur á svæðinu.
- **Ófullnægjandi fjarskipti.** Hamlandi fyrirtækjum og einstaklingum sem vilja koma á svæðið.
- **Lágt fasteignaverð.** Þar af leiðandi lítið veðhæfi og veldur því að fólk heldur að sér höndum í fjárfestingum. Lágt fasteignaverð hefur líka áhrif á viðhorf til staðarins og á það hverjir velja að setjast þar að.
- **Dýr húshitunarkostnaður.** Þar af leiðandi dýrari rekstarkostnaður fyrir heimili og fyrirtæki.
- **Einhæf ferðaþjónusta.** Vantar skipulagða afþreyingu og fjölbreyttari þjónustu til að laða að ferðamenn.
- **Stuttur ferðamannatími og lítil nýting fjárfestinga í ferðaþjónustu.** Sérstaklega yfir vetrartímann.
- **Lítill markaðsetning svæðisins.** Skortur á heildar stefnumörkun og fjármagni til markaðsetningar.
- **Skortur á rannsóknum og upplýsingum um svæðið.** Í einhverjum tilfellum eru upplýsingarnar til en þarf að nálgast þær og safna þeim saman. Til dæmis rannsókn á mögulegri nýtingu einstakra svæða til ferðamennsku.
- **Neikvæð umfjöllun og neikvæð ímynd.** Neikvæður tónn hefur verið í umræðunni um Raufarhöfn undanfarin ár.
- **Stuttur opnunartími verslunar/þjónustuskála og lítið vöruúrval.** Ekki sambærileg þjónusta og í stærri byggðalögum og getur verið slæmt fyrir ímynd bæjarins.
- **Enginn fulltrúi Raufarhafnar í sveitarstjórn.**
- **Sorpsafnið norðan við bæinn og Ytri-Vogur.** Slæmt fyrir ímynd bæjarins.

Einn helsti veikleiki Raufarhafnar þegar horft er til atvinnu er fólksfækkun undanfarin ár samhliða einhæfri og óruggri atvinnu. Þessu má vinna á móti með atvinnusköpun í nýjum greinum. Þar ræður einkaframtakið mestu, en sveitarfélagið og ríkisvaldið verða að styðja vel við bakið á góðum sjálfbærum hugmyndum

Erfiðar samgöngur, lélegt gsm samband og ófullnægjandi netsamband hamlar allri starfsemi og atvinnusköpun. Það er því afar mikilvægt að fá úrbætur þar.

Verð á fasteignum er langt undir kostnaðarverði. Það kemur til með að breytast ef væntingar aukast um vænkandi hag. Sveitarfélagið og Raufarhafnarbúar verða að stíga varlega til jarðar þegar kemur að sölu eigna á Raufarhöfn. Það er ekki selja hverjum sem er á hvaða verði sem er

Neikvæð umfjöllun um Raufarhöfn hefur skapað þorpinu neikvæða ímynd og þessu þarf að snúa til betri vegar. Íbúar og sveitarfélagið þurfa að sameinast um að koma því sem vel er gert á framfæri. Þeir sem koma fram fyrir hönd Raufarhafnar, ekki síst á opinberum vettvangi, skulu vera vandir að virðingu samfélagsins.

Starfshópurinn hefur skilning á erfiðum restri verslunar á Raufarhöfn, en ef hægt væri að bæta þjónustuna með einhverjum hætti yrði það til mikilla bóta. Til dæmis með að sameina verslunina og söluskálann í eitt húsnæði.

Ógnanir

- **Skortur á fjármagni til atvinnuuppbyggingar** m.a. vegna lítillar veðhæfni.
- **Samkeppni um fjármagn og athygli.** Raufarhöfn er ekki eina sjávarplássíð sem stendur frammi fyrir breytingum og er því í óbeinni samkeppni við önnur svæði í svipaðri aðstöðu
- **Frekari fækkun starfa og frekari fólksfækkun.** Ef íbúum Raufarhafnar heldur áfram að fækka er stoðum kippt undan verslun, þjónustu, skólum o.fl.
- **Auknar kröfur um hagræðingu** í fyrirtækjum og stofnunum sem veita þjónustu s.s. í bönkum og pósthúsum. Þetta hefur áhrif á þjónustustig og atvinnustig.
- **Óvissa í sjávarútvegi.** Náttúrusveiflur og fiskveiðistjórnun skapa óstöðugleika og óvissu.
- **Kvótinn seldur úr byggðalaginu.** Lítil og meðalstór fyrirtæki í fiskvinnslu eiga undir högg að sækja sökum þess að stærri fyrirtæki yfirtaka þau. Þannig tapast bæði kvóti og vinna úr litlum byggðalögum.
- **Sífelld minnkandi landvinnsla.** Vinnsla afla um borð og tæknivæðing í landvinnslu leiðir til fækkunar starfa í landvinnslunni sem leiðir til minnkandi margfeldisáhrifa.
- **Samkeppni um hráefni.** Hráfnisverð hefur hækkað og útflutningur á óunnum þorski hefur margfaldast á síðustu árum.
- **Hækkandi olíuverð og flutningskostnaður.** Stendur nýsköpun, heimilum og starfandi fyrirtækjum úti á landi fyrir þrifum.
- **Breytingar á samgönum.** Sumir óttast að nýr vegur um Hólaheiði verði til þess að ferðamenn sneiði fram hjá Raufarhöfn.
- **Efnahagsástand á Íslandi og í heiminum öllum.** Efnahagskreppa hér heima og erlendis getur haft neikvæð áhrif fyrir svæðið.

Ef vel tekst til við að nýta styrkleika svæðisins og höndla tækifærin mun það draga úr ógnunum á borð við fjármögnunarörðugleika, atvinnuleysi og frekari fólksfækkun.

Margt af því sem ógnar Raufarhöfn er erfitt fyrir íbúana, sveitarstjórn eða jafnvel ríkisvaldið að hafa áhrif á. Það má þó bregðast við með ýmsum hætti. Öflugasta leiðin til að draga úr vægi ógnana í sjávarútvegnum að setja egginn í fleiri körfur. Það er að auka nýsköpun og efla nýjar atvinnugreinar.

Til að bregðast við þeirri ógn sem sumir telja vera í löngum afleggjara frá nýjum vegi yfir Hólaheiði þarf að gera Raufarhöfn fyrirhafnarinnar virði. Það má gera með því að bjóða upp á eitthvað sem ferðamönnum finnst spennandi að skoða og réttir markaðssetningu.

Hækkandi olíuverð og efnahagskreppa er vissulega áhyggjuefni en það mun ekki koma sérstaklega við Raufarhöfn, heldur þjóðina alla.

Tækifæri

- **Áhugi almennings á ósnortinni náttúru**
- **Vaxandi áhugi á norrænum slóðum**
- **Eftirspurn eftir ævintýraferðum og afþreyingu**
- **Eftirspurn eftir heimaunnum afurðum og menningartengdri ferðaþjónustu**
- **Eftirspurn eftir hreinum náttúruafurðum.** Sléttan er gott beitiland sem biður upp á fleiri og/eða stærri fjárbú.
- **Heilsutengd ferðaþjónusta** hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið. Kanna mætti möguleika á því sviði.
- **Norðausturhornið er að mörgu leyti ónumið land í ferðaþjónustu.** Þ.a.l. land tækifæranna.
- **Fjölgun ferðamanna utan sumartímans.** Snjór og kuldi - vetrarferðaþjónusta.
- **Ferðamannastraumur í Þjóðgarðinn við Jökulsárgljúfur.** Tækifæri í því fólgið að reyna að ná til ferðamanna sem heimsækja þjóðgarðinn.
- **Millilandaflug utan höfuðborgarsvæðisins.** Alþjóðaflugvöllur á Norður- og austurlandi myndi auka straum erlendra ferðamanna þangað.
- **Samgöngubætur.** Nýr vegur um Hólaheiði.
- **Tækniframfarir.** Auðveldar til dæmis fjarnám, símenntun og fjarvinnu.
- **Ýmis menntun.** Menntun getur skapað einstaklingum ólík störf.
- **Stóriðja á Bakka.** Getur skapað atvinnu og styrkt byggð á Raufarhöfn.
- **Styrkir í umferð.** Töluvert fé til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni er í boði í dag
- **Möguleikar í ónotuðu húsnæði á Raufarhöfn.** Mikið húsnæði á lausu á Raufarhöfn sem gæti nýst til atvinnusköpunar.
- **Nýsköpun í sjávarútvegi og fiskvinnslu.** T.d. fiskeldi
- **Tækifæri er fólgið í frumkvæði og framtaki heimamanna.**

Útivist, göngur, náttúruskoðun og veiði eru vinsælt sport. Svo virðist sem norðlægar slóðir séu farnar að vekja athygli ferðamanna í auknu mæli. Raufarhöfn á að nýta sér þetta og selja norðurlósín, myrkið, miðnætursólina og kyrrðina. Íslendingar eiga því að venjast að líta á snjó og kulda sem hamlandi stærðir, en þetta tvennt er nú einu sinni einkenni norrænna svæða svo ef til vill felst tækifæri í að höfða til ferðamanna yfir vetrartímann.

Saga Raufarhafnar og Sléttunnar allrar er á margan hátt áhugaverð. Þegar kemur að menningartengdri ferðaþjónustu þurfa íbúar Raufarhafnar og nágrennis að huga að sérstöðu svæðisins og sameinast um að halda henni á lofti.

Ýmsir möguleikar eru í heimaunnum afurðum með menningargildi. Áhugasamir gætu skapað sér einhverja atvinnu og virðisauka með því að fara út í slíka framleiðslu. Ríkið getur komið að því að auðvelda sölu og framleiðslu með vingjarnlegu lagaumhverfi.

Þjóðgarðurinn við Jökulsárgljúfur er aðeins í um 100 km fjarlægð frá Raufarhöfn. Þar koma á hverju ári rúmlega 100.000 gestir. Ferðaþjónustuaðilar í Norðurþingi (og Langanesbyggð) austan Jökulsár þurfa að sameinast um að freista þess að fá hluta þessara gesta austur um Sléttu.

Samgöngubætur eins og t.d. vegur yfir Hólaheiði stytta leiðina enn frekar. Nýr vegur og aðrar samgöngubætur geta að sama skapi stækkað atvinnusvæði Raufarhafnarbúa.

Tækniframfarir hafa verið miklar í fjarskiptum á undanförunum árum. Þetta gerir einstaklingum á landsbyggðinni kleift að stunda ýmist nám án þess að flytja búferlum til skemmri eða lengri tíma. Eins býður þetta upp á möguleika í atvinnu.

Töluvert fé er í umferð í dag til styrktar nýsköpun og atvinnusköpun á landsbyggðinni. Raufarhafnarbúar verða að vera duglegir að nýta sér þetta tækifæri. Sveitarfélagið getur stutt við íbúa sína með ráðgjöf, hvatningu og innri markaðssetningu.

Töluvert húsnæði er ónýtt á Raufarhöfn, ekki síst eftir að bræðslan hætti og Síldarvinnslan lokaði. Nú þegar eru heimamenn farnir að skoða ýmsa möguleika í nýtingu þessa húsnæðis. Ekkert kemur í staðinn fyrir frumkvæði heimamanna.

6. Hugmyndabankinn

Hér á eftir fara hugmyndir um möguleg tækifæri í atvinnusköpun á Raufarhöfn og nágrenni. Sumar hugmyndirnar eru ef til vill ekki atvinnuskapandi í sjálfu sér en geta haft áhrif á afleidd störf. Hver hugmynd verður kynnt stuttlega og starfshópurinn kemur með tillögu að hvaða aðilar gætu mögulega komið að framkvæmd hugmyndarinnar.

Afþreying og útivist

- **Hestaleiga og hestaferðir.** Skipulagðar hestaferðir með leiðsögumanni, sumar sem vetur. Vinsældir íslenska hestsins virðast vera sífellt vaxandi. Það má jafnvel hugsa sér að erlendir aðilar eigi hest á Íslandi, og skreppi í reiðtúr nokkrum sinnum á ári.
Framkvæmd: Einstaklingur eða hestamannafélag í samstarfi við aðila sem þegar veita svipaða þjónustu.
- **Skipulagðar ævintýraferðir um Sléttuna.** Áhugasamur aðili gæti tekið að sér skipulagningu ævintýraferða um Sléttuna fyrir einstaklinga og hópa.
- **Fuglaskoðun.** Markaðsetja mætti Sléttuna alla sem fuglapparadís og bæta aðgengi að ákveðnum stöðum betur í samvinnu við landeigendur. Nú þegar hefur töluvert verið gert á þessum vettvangi.
Framkvæmd: Horft til atvinnuþróunarfélagsins (NORCE verkefnisins) og Markþings
- **Merking gönguleiða og söguslóða.** Átak í frekari merkingu gönguleiða og söguslóða gerir svæðið eftirsóknarverðara fyrir ferðafólk. Dæmi um skemmtilegar gönguleiðir og sögustaði eru t.d. eftirfarandi: (sjá Sérstæðir staðir... bls. 7) ásamt gönguleiðum upp að vötnunum fyrir ofan Raufarhöfn. Ef til vill mætti gera mynstur, þannig að fólk gæt gengið "Melrakkann". Starfshópurinn gerir Hraunhafnartanga og endurbætur á gönguleið upp að Ólafsvatni að sinni fyrstu tillögu.
Framkvæmd: Sveitarfélagið í samstarfi við Atvinnuþróunarfélagið þarf að ákveða hvaða staði skal merkja. Forgangsráða, gera tíma- og kostnaðaráætlun.
- **Golf:** Grasvöllur yfir sumartímann og ísgolf á frostnum vötnunum yfir veturinn.
Framkvæmd: Áhugasamir einstaklingar gætu stofnað golffélag, sótt um jarðnáði og hafið fjáröflun og markaðssetningu.
- **Kajak- og önnur bátasigling.** Aðili gæti átt og leigt út kjaka. Eins ef aðstæða til þess væri viðunandi gætu áhugamenn um róður komið með sinn eigin búnað og siglt á milli vatnanna fyrir ofan Raufarhöfn eða meðfram strandlengjunni.
Framkvæmd: Áhugasamur aðili gæti til að byrja með sett sig í samband við bátafélög til að kanna áhugann. Sveitarfélagið gæti átt hlut að máli með því að koma upp aðstöðu við vötnin.
- **Loftbelgsflug og svifflug.** Á Melrakkasléttu er vítt til veggja. Kanna mætti hjá áhugamönnum um svifflug hvort þeir hefðu áhuga á að skoða möguleika á Sléttunni.
Framkvæmd: Áhugasamur einstaklingur
- **Opna upp að Ólafsvatni.** Slóði frá Melrakkaás upp að Ólafsvatni skapar ýmsa möguleika. Þegar þangað er komið er komið í óbyggðir og þaðan væri hægt að ganga, sigla og veiða.
Framkvæmd: Sveitarfélagið þyrfti að byrja á að kanna hvað má m.t.t. vatnafriðunarlag, og ráðast síðan í framkvæmd ef leyfi fæst.
- **Köld sjóböð.** Margar fallegar strendur eru í nágrenni Raufarhafnar. Sjóböð við heimsskautsbaug samhliða sána og baðaðstöðu gætu vakið lukku.
Framkvæmd: Ferðapjónustuaðilar og sveitarfélagið
- **Veiðiparadís á Sléttu.** Veiði í vötnum og ám, ísdorg á veturna. Landeigendur geta stofnað veiðifélag og selt í vötnin. Gert ráð fyrir að veiðifélagið myndi ráða veiðivörð/leiðsögumann.
Framkvæmd: Landeigendur, Markþing og sveitarfélagið þyrftu að aðstoða við markaðssetningu.
- **Skinнатjöld (veiðitjöld) upp við Ólafsvatn.** Bátar við bryggju á Ólafsvatni og Lappatjöld. Aðgangur/lykill seldur hjá aðila á Raufarhöfn.
Framkvæmd: Áhugasamur aðili í samstarfi við sveitarfélagið.
- **Jónsmessuhátíð** – upplifðu miðnætursólinu í nyrsta þorpi Íslands.
Framkvæmd: Samvinnuverkefni ferðapjónustuaðila og sveitarfélagsins.
- **Mótorfrí Slétta.** Ef á Sléttunni yrði bönnuð umferð vélknúinna farartækja gæti svæðið fengið vottun frá umhverfissamtökum sem gæfi Sléttunni þjóðgarðsigildi. Þetta yrði þó að gera með þeim fyrirvara að þeir sem eru háðir því að komast um svæðið atvinnu sinnar vegna, s.s. bændur, gætu gert það áfram.
Framkvæmd: Sveitarfélagið í sátt við íbúa.

Gisting, þjónusta og upplýsingar

- **Þjónustu og upplýsingamiðstöð.** Samhliða þessu mætti reka netkaffi. Framtíðarhugmynd að þetta sé í sér húsnæði, en þangað til er Hótel Norðurljós tilbúið að sinna þessu gegn greiðslu.
Framkvæmd: Ferðapjónustuaðilar í samstarfi við Markþing
- **Þjónustukjarni:** Hús þar sem aðilar í rekstri eða á leiðinni í rekstur, sem stendur illa undir sér einni og sér, gætu sameinast í eitt húsnæði. Þannig væri hægt að veita meiri þjónustu, lengur og með hagkvæmari hætti.
Framkvæmd: Aðilar í rekstri
- **Ráðstefnuhald.** Markaðssetning í tengslum við ráðstefnuhald getur aukið nýtingu fjárfestinga utan háannatíma.
Framkvæmd: Aðilar í rekstri
- **Ferðapjónustubúgarður.** Íslensk húsdýr og íslenskir búskaparhættir eru kynntir. Ferðamönnum boðið upp á að taka þátt í bústörfunum með bóndanum.
Framkvæmd: Áhugasamur búgarðseigandi
- **Farfuglaheimili.** Ekkert farfuglaheimili er rekið á Raufarhöfn og myndi slík þjónusta auka fjölbreytni í gistingu. Það getur reynst vel að vera í samtökum s.s. Hostel International
Framkvæmd: Áhugasamur aðili
- **Grunnskólinn á Raufarhöfn:** Möguleiki á rekstri ferðapjónustu í skólanum á Raufarhöfn. Horft til ættarmóta og ódýrari gistingar.
Framkvæmd: Sveitarfélag og áhugasamur einstaklingur
- **Sumarbústaðabyggð.** Selja þeim sem vilja komast úr stressinu í Reykjavík og öðrum stórborgum afslappandi viku (eða skemur/lengur) í kyrrðinni á Sléttunni. Sumarbústaðirnir gætu verið hannaðir þannig að hægt væri að njóta bæði miðnætursólarinnar og vetrarnæturinnar innandyra.
Framkvæmd: Landeigandi
- **Koma á betra samstarfi á milli ferðapjónustuaðila.** Gott samstarf á milli aðila í ferðapjónustu er mikilvægt. Ferðapjónustuaðilar gætu komið upp kerfi til þess að markaðsetja hver annan og unnið í sameiningu að ákveðnum verkefnum til að hvetja ferðamenn til að heimsækja svæðið. Gott dæmi um vel heppnaða samvinnu er Mývatn.
Framkvæmd: Ferðapjónustuaðilar í samstarfi við Atvinnuþróunarfélagið og Þekkingarsetrið
- **Aðstaða fyrir listamenn og rithöfunda.** Gera út á myrkrið, kyrrðina og kyngimagnaða Sléttuna. Þyrfti að kanna áhugann hjá starfandi listamönnum eða rithöfundum og samtökum þeirra.
Framkvæmd: Áhugasamir einstaklingar
- **Heimili aldraðra.** Fyrirmynd Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust á Þórshöfn.
Framkvæmd: Ríki og sveitarfélag í samstarfi við Hvamm.

Sala og vinnsla heimaunninna afurða

- **Markaður.** Staður þar sem neðangreindar vörur yrðu seldar. Aðilar í heimaframleiðslu gætu sameinast um að reka dálítinn markað og skipst á að standa vaktina. Ef til vill væri hægt að hafa markaðinn með öðrum rekstri a.m.k. til að byrja með.

Möguleikar í framleiðslu:

- Víngerð
- Bjór
- Vatn, e.t.v. úr Blikalónsfljótinu
- Kryddjurtir (hvönn, blóðberg o.s.frv.)
- Fjallagrös
- Ber
- Rabarbari
- Söl
- Sveppir
- Sultur og saft
- Ostar
- Kjöt og fiskur
- Lúxus vatnasilungur
- Siginn fiskur
- Harðfiskur
- Selur
- Hannyrðir

Framkvæmd: Áhugasamir aðilar

Söfn og setur

- **Söfn eru oft erfið í rekstri, en hægt væri að reka litla sýningu með eða sem hluta af annari þjónustu. Möguleikar:**
 - Síldarsafn
 - Ljósmyndasafn
 - Styttusafn á höfðanum
 - Norðurljósasafn/setur*Framkvæmd:* Frumkvæði heimamanna

Landbúnaður

- **Sauðfjárrækt.** Hvort heldur sem er stækkun þeirra búna sem fyrir eru eða ný bú. Nú þegar er stunduð sauðfjárrækt, en búum hefur fækkað á Sléttunni frá því þegar best lét. Sléttan er ágætt beitarland og gæti borið meira sauðfé.
Framkvæmd: Bændur og landeigendur eða aðrir áhugasamir einstaklingar
- **Hreindýrabú.** Ekki fyrirséð með leyfi og óvíst að þetta fari saman með sauðfjárbeit. Stefán hreindýrabóndi á Grænlandi sóttist eftir þessu á sínum tíma en það gekk ekki eftir.
Framkvæmd: Áhugasamur einstaklingur/landeigandi
- **Sauðnautabú.** Ekki fyrirséð með leyfi og óvíst hvort fari saman með sauðfjárbeit. Þetta var reynt á Langanesi á sínum tíma en gekk ekki.
Framkvæmd: Áhugasamur einstaklingur/landeigandi.
- **Rjúpnarækt.** Eftirspurn eftir íslensku rjúpunni er mikil, ekki síst um jólin. Kanna mætti möguleika í rjúpnarækt á Sléttunni.
Framkvæmd: Áhugasamur einstaklingur
- **Fullvinnsla æðardúns.** Mikið æðavarp er á Sléttu og í dag er dúnninn sendur af svæðinu í hreinsun. Ef til vill væri hægt að snúa þessu við þannig Raufarhöfn/Slétta verkaði fyrir aðra æðarbændur.
Framkvæmd: Æðarbóndi eða einstaklingur
- **Búgarðabyggð.** Landeigendur gæti selt eða leigt landskika undir búgarða. Litlir búgarðar virðast eiga upp á pallborðið hjá efnamönnum í dag. Fjarlægð frá stóru þéttbýli gæti hamlað þessari hugmynd.
Framkvæmd: Landeigendur

Einstök störf, einyrkjar og verktakar

- **Menntun í störf.** Áhugasamir aðilar hafa tök á því að skapa sjálfum sér atvinnu með menntun. Hér á eftir verða nefnd nokkur dæmi:
 - Grunnskólakennarar, leikskólakennarar og tónlistarkennarar.
 - Hárgreiðsludama/herra
 - Sjúkraþjálfun
 - Bókhald
 - Ýmsir iðnaðarmenn s.s. rafvirki, tré- eða vélsmiður/meistari.*Framkvæmd.* Fyrst og fremst í höndum íbúa Raufarhafnar. Sveitarfélagið gæti stutt við þetta verkefni með því að vekja athygli á lausum störfum á atvinnusvæði Raufarhafnar. Einnig gæti það, í samstarfi við skólana, bent krökkum í 10. bekk á leiðir til þess að koma heim aftur eftir nám. Ríkið gæti stutt menntun úti á landi með styrkjum, auknu framboði á fjarnámi og forgangi landsbyggðarfólks í fjarnám.
- **Svæðisleiðsögumaður.** Aðili með tilskylda menntun sem sérhæfir sig í þekkingu á svæðinu gæti skapað sér atvinnu með því að selja ferðaþjónustuaðilum vinnu sína eða vinna sjálfstætt.
Framkvæmd: Áhugasamur aðili. Þekkingarsetrið gæti ef til vill boðið upp á námskeið.
- **Skráning heimilda.** Hægt væri að útfæra þetta á ýmsan hátt. Sem sérstakt verkefni við að safna efni frá svæðinu sem liggur undir glötun, eða jafnvel á landsvísu. Eftirspurn er til staðar og má þar nefna Þjóðskalafnið og fleiri söfn en fjármagn vantar.
Framkvæmd: Áhugasamur aðili. Fjármagn frá ríkinu.

Skólar, námskeið og fræðsla

- **Lýðháskóli** – námskeið í íslensku, sögu svæðisins og jarðfræði svo eitthvað sé nefnt. Jafnvel listum.
Framkvæmd: Áhugasamur aðili í samstarfi við Þekkingarsetrið og sveitarfélagið.
- **Fræðimenn og útskriftarnemar.** Hvetja jarðfræðinga og fræðimenn til að koma á svæðið. Hvetja útskriftarnema til að vinna lokaverkefni um svæðið. Þetta eru góðir gestir sem gæti vakið jákvæða athygli á svæðinu. Með þessum hætti mætti einnig safna dýrmætum upplýsingum um svæðið sem síðan mætti nýta við markaðssetningu þess.
Framkvæmd: Sveitarfélagið í samstarfi við Þekkingarsetrið og Atvinnuþróunarfélagið
- **Námskeið í útskurði - rekaviður.** Þetta mætti útfæra þannig að ferðamenn (eða listnemar) gætu sótt sér rekaviðarbút í fjöruna og fengju síðan aðstoð við að skera út í hann. Tónar vel við minjagripasölu.
Framkvæmd: Ferðapjónustuaðilar, e.t.v. í samstarfi við Þekkingarsetrið og listasmiðjur

Sjávarútvegur

- **Nýting aukaafurða, aukin fullvinnsla og afleidd störf í sjávarútvegi.** Úrgangur úr fiskvinnslu getur verið mikilvægt hráefni í fóður. Kanna mætti möguleika á að auka fullvinnslu á fiski og vinnslu nýrra afurða til þess að fá betri nýtingu í það húsnæði sem nú þegar er til staðar.
Framkvæmd: Áhugasamir einstaklingar, fiskvinnslufyrirtæki í rekstri.
- **Að lokum er rétt að minnst á að í sjávarútvegi eru nú þegar mikilvæg störf sem mikilvægt er að hlúa að.**

Annað

- **Hreinsa höfðann og sorpsafnið við bæinn.** Ruslakistan í bæjarjaðrinum er óviðunandi lýti á bænum og þyrfti að hreinsa hið fyrsta.
Framkvæmd: Sveitarfélagið
- **Virkja heimasíðuna betur og stuðla að jákvæðum fréttaflytningi.**
Framkvæmd: Heimamenn og sveitarfélagið
- **Erlendur vinabær.** Erlendur vinabær gæti hvatt til heimsóknna og fært Raufarhöfn nýjar hugmyndir og þekkingu.
Framkvæmd: Sveitarfélagið

7. Flokkun hugmynda

Samkvæmt módelinu hér að neðan eru ofantaldar hugmyndir flokkaðar eftir því hversu atvinnuskapandi þær eru annars vegar og hversu erfiðar, þ.e. dýrar og/eða flóknar, þær eru í framkvæmd hins vegar. Þetta er ekki gallalaus flokkun, en mikilvæg viðleitni til þess að reyna að vega og meta hugmyndirnar.

Helstu gallarnir eru þeir að ákveðin hugmynd getur haft vægi fyrir atvinnulíf á svæðinu þó að hún sé í sjálfu sér ekki atvinnuskapandi. Til dæmis með því að skapa góða ímynd og laða að gesti sem skapar afleidd störf. Til þess að vega upp á móti þessu eru þau verkefni sem hópurinn telur hafa mikið vægi þrátt fyrir takmarkaða atvinnusköpun feitletruð. Eins getur einstök hugmynd í sumum tilfellum verið hvort heldur sem er lítið eða mikið atvinnuskapandi eftir því hvernig hún er framkvæmd. Það er hvað reksturinn er umfangsmikill. Skortur á þekkingu innan starfshópsins á vissum sviðum gæti í einhverjum tilfellum komið í veg fyrir raunhæft mat hugmyndanna.

Forgangs röðun hugmynda	Auðveld í framkvæmd/rekstri	Meðal	Erfið í framkvæmd/rekstri
Mikið atvinnuskapandi Fimm eða fleiri starfsmenn	1	2 Menntun í störf Skráning heimilda Nýting aukaafurða og aukin fullvinnsla	3 Lýðháskóli Hjúkrunarheimili
Meðal Tveir til fjórir starfsmenn	4 Kajaksigling meðfram ströndinni Hestaleiga og hestaferðir Veiðiparadís Svæðisleiðsögumenn Þjónustu og upplýsingamiðstöð Farfuglaheimili Sala og vinnsla heimaunninna afurða	5 Kajaksigling á vötnunum Skinnatjöld og bátaleiga Skipulagðar ævintýraferðir	6 Golf Sumarbústaðabyggð Söfn og setur – rekið sem sjálfstæð eining Fleiri sauðfjárbú Hvalveiðar og vinnsla kjötmjöls Þjónustukjarni
Lítið atvinnuskapandi Einn eða færri starfsmenn	7 Merking gönguleiða og sögslóða Köld sjóböð Jónsmessuhátíð Grunnskólinn á Rauf undir ferðþjónustu Fræðimenn og útskriftarnemar Virkja heimasíðu Rauf Hreinsa ruslahauginn Samstarf ferðþjónustuaðila	8 Aðstaða fyrir listamenn Söfn og setur með öðrum rekstri Fuglaskoðun Ráðstefnuhald Ferðþjónustubúgarður Stærri sauðfjárbú Fullvinnsla æðardúns Námskeið í útskurði Erlendur vinabær Opna upp að Ólafsvatni Mótorfrí Slétta	9 Loftbelgsflug og svifflug Hreindýrabú Sauðnautabú Rjúpnarækt Búgarðabyggð

8. Tillögur og framtíðarsýn

Framtíðarsýn fyrir Raufarhöfn og Sléttu:

- Raufarhöfn verði búsældarlegt samfélag fyrir alla aldurshópa þar sem boðið er upp á góða grunnþjónustu
- Atvinnulíf á Raufarhöfn byggi á a.m.k. þremur stærri atvinnuskapandi fyrirtækjum og samhliða því verði önnur atvinnutækifæri jafnframt vel nýtt
- Raufarhöfn og Sléttan verði eftirsótt með tilliti til útivistar og náttúruskoðunar, þar sem gert er út á hreinleika og nálægðina við norður heimsskautsbaug.
- Áframhaldandi útgerð og fiskvinnsla sem er órjúfanlegur hluti af sögu og menningu Raufarhafnar.

Verkefni sem stangast á við þessi meginmarkmið eiga ekki heima á Raufarhöfn eða næsta nágrenni.

Hvernig getur Ríkið, Sveitarfélagið og íbúarnir sjálfir lagt lóð á vogarskálarnar?

Íbúar: Framtíð Raufarhafnar er ekki síst í höndum íbúanna sjálfra, ekkert kemur í staðinn fyrir einkaframtakið, en bæði sveitarfélagið og ríkið geta ýtt undir og stutt við frumkvæði heimamanna með ýmsum hætti.

Ríkið: Getur haft áhrif með samgöngubótum og aðgerðum til að lækka flutningskostnað, bættum fjarskiptum, bættu aðgengi landsbyggðarinnar að menntun, auknum byggðakvóta, góðri heilsugæslu, flutningi opinberra starfa út á land, hvetjandi lagaumhverfi, stuðningi við sveitarfélagið til að það geti sinnt grunnþjónustu, ásamt styrkjum og fjárveitingu til góðra verkefna

Sveitarfélagið: Getur haft áhrif með því að bjóða upp á góða grunnþjónustu, beita ríkið þrýstingi, veita íbúum ráðgjöf og stuðning, áframhaldandi rekstur Atvinnuþróunarfélagsins, aðkomu að atvinnuskapandi verkefnum íbúum sveitarfélagsins til heilla.

Raufarhöfn hefur vissulega staðið frammi fyrir ýmsum erfiðleikum á síðustu árum, en starfshópurinn telur að Raufarhöfn hafi alla burði til að geta náð settum markmiðum á næstu fimm til tíu árum með góðri samvinnu á milli heimamanna, sveitarfélags og ríkis.

9. Heimildaskrá

Aðalsteinn Á. Baldursson. Tölvupóstur til Elísabetar Gunnarsdóttur þann 21.janúar 2008

Byggðarlög í sókn og vörn - greining á styrk, veikleikum, ógnunum og tækifærum byggðarlaga á landsbyggðinni, 2004, Byggðastofnun

Byggðarlög í sókn og vörn - svæðisbundin greining á styrk, veikleika, ógnunum og tækifærum byggðalaga á Íslandi, 2001. (1. Sjávarbyggðir). Byggðastofnun

Egill Ólafsson. *Miklir erfiðleikar í fjármálum Raufarhafnarhrepps*. mbl.is, frétt frá 2. nóvember 2002.
Vefslóð: <http://mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1000682>

Hagstofa Íslands. Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, kyni og aldri 1. desember 1997-2007.
Vefslóð: <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Byggdakjarnar,-postnumer,-hverfi>

Jón Magnússon,(?). *Melrakkaslétta - Fuglparadís*

Land og fólk - Byggðasaga Norður-Þingeyinga, 2003, Ritstjóri: Runólfur Elentínusson, Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga

Líney Helgadóttir,(?). *Melrakkasletta - Gróðurfar*

Norðurþing. Vefslóð: <http://www.raufarhofn.is/?mod=sidur&mod2=view&id=4>

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir. Tölvupóstur til Elísabetar Gunnarsdóttur þann 4.mars 2008

Vegagerðin. *Vinna hafin við Hófaskarðsleið*, frétt frá 20. nóvember 2007.
Vefslóð: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/1596>